

Hlutverk og markmið

Samkvæmt samþykktum félagsins og í samræmi við þjónustusamning þess við Hveragerðisbæ er markmið félagsins að vinna að velferðarmálum eldra fólks með því að:

1. Vekja athygli og auka skilning almennings, þjónustufyrirtækja, ríkis og sveitarfélagsins á þörfum eldri borgara.
2. Stuðla að aukinni þjónustu fyrir eldri borgara.
3. Skipuleggja og framkvæma tómstunda- og félagsstarf meðal félaga.
4. Vinna að öðrum þeim málum sem til hagsbóta teljast fyrir eldri borgara.

Undanfarin haust höfum við sent fréttabréf til allra Hvergerðinga 60 ára og eldri til að kynna félagið og hvetja nýtt fólk til að koma og starfa með okkur.

Aðstaða

Félagsstarfið fer að mestu leyti fram í Þorlákssetri, félagsheimilinu að Breiðumörk 25b, annari hæð. Húsnæðið var keypt fyrir dánargjöf Þorlaks Kolbeinssonar og er rekið með stuðningi bæjarins. Þar er eitthvað að gerast alla daga starfsársins. Salurinn rúmar um 70 manns í sæti. Fyrir stærri samkomur leitum við til hótellanna í bænum.



Aðstaða fyrir sundleikfimi er fengin hjá Heilsustofnun NLFÍ, og fyrir útskurð í handavinnuhúsi grunnskólans.

Félagsstarfið

Skipulagt félagsstarf er frá miðjum september fram í miðjan maí ár hvert. Það hefst með haustfundi í Þorlákssetri og lýkur með vorfundi. Fastir liðir miðast við eftirspurn og geta breyst frá ári til árs. Hugmyndin er að fólk geti fengið viðfangsefni til að halda sér í formi andlega og líkamlega auk þess sem félagsskapurinn við jafningja skiptir miklu.

Undanfarin ár hafa þessi atriði verið á dagskrá: Bókmenntir, handavinna, félagsvist, bingó og brids, boccia, jóga, kórinn Hverafuglar, pútt, rabbfundir, vatnsleikfimi, útskurður, zúmba.

Gönguhópurinn Út um allt, sem leggur af stað frá Þorlákssetri á þriðjudögum kl. 10 er í gangi árið um kring.

Farnar eru ýmsar ferðir, þar á meðal ein 4 - 5 daga á sumrin, auk þess er farið í leikhús og á tónleika.

Úr fréttabréfi frá hausti 2012

Afþreying

Í hverri viku yfir veturinn er á dagskrá handavinna, spil, félagsvist og bingó, boccia, útskurður og pútt. Ef haldin eru styttri námskeið í öðru handverki eða listum verða þau auglýst sérstaklega á Netinu og í Dagskránni.

Heilsuefling

Á dagskrá eru vikulegir göngutúrar, vatnsleikfimi, zúmba og jóga. Eldri kynslóðin fær frítt í sundlauginu í Laugaskarði og á vissum tímum fáum við að nota tækjasalinn án endurgjalds.

Menning

Bókmenntahópur hittist á mánudagsmorgnum. Þar lesa þátttakendur hver fyrir annan sjálfvalið efni. Það er engin skylda að lesa. Fólk kemur líka til að hlusta og njóta Fimmtudagsfundimur eru kallaðir rabbfundir, en þar koma gestir okkur til fróðleiks og skemmtunar eða þá að brugðið er góðri bíómynd í spilarann. Nokkrum sinnum hvern vetur er farið til Reykjavíkur í leikhús og bíó.

Kórinn Hverafuglar

æfir einu sinni í viku, undir stjórn Örlýgs Atla Guðmundssonar. Það styrkir kórstarfið okkar að söngfélögunum fjölgi. Ekki er krafist kunnáttu í nótnalestri, ekki þarf að hafa sungið áður í kór. Hver og einn velur rödd sem honum hentar. Fyrsta æfing vetrarins verður miðvikudaginn 19. september klukkan 16:30 í Þorlákssetri. Æft er 2 klst. í senn. Lögð er áhersla á léttu og skemmtilega söngskrá. Við bjóðum nýja félaga velkomna á fyrstu æfingu. Hægt er að hafa samband við Sigurjón í síma 483-4875 eða Sæunni í síma 568-6589.

Fundir

Almennir fundir eru fjórir hvert ár, haustfundur, þar sem línur eru lagðar fyrir vetrarstarfið, jólagleði, aðalfundur og vorfundur, en með honum lýkur vetrarstarfinu.

Ferðir

Farið er í nokkrar hópferðir hvert sumar og eina fimm daga ferð. Sumarið 2012 var til dæmis farið um Norðausturland.

Sparidagar

Fastur liður í dagskrá sparidaga á Hótel Örk er heimsókn á þriðjudagsmorgni til okkar í Þorlákssetur þar sem gestir fá kaffi-sopa að undangenginni gönguför um bæinn. Þessar heimsóknir eru gullið tækifæri fyrir eldri Hvergerðinga til að hitta vini sína úr öðrum byggðarlögum, enda alltaf vitað fyrirfram hvaðan af landinu sparidagagestir koma hverju sinni.

Heimasíða og tölvupóstur

Á heimasíðu félagsins, <http://www.hvera.net>, er kappkostað að birta upplýsingar um félagslífið, félagatal, myndir úr starfinu og hvaðeina annað félaginu viðkomandi. Tölvupóstfang félagsins er febh@hotmail.co.uk. Félagsmenn sem hafa tölvupóst eru hvattir til að koma upplýsingum um pósthaf sitt til ritara félagsins til að geta fengið sendar tilkynningar um starfið í tölvupósti.

Annað

Það er orðin hefð að félagið hafi opið hús í Þorlákssetri á Blómstrandi dögum. Undanfarin ár hafa verið haldnar sýningar tengdar menningu Hvergerðinga, og er vonast til að framhald verði á því. Þorablótið er fastur liður á dagskránni. Síðastliðinn vetur var það haldið í Hótel Hveragerði enda rúmar Þorlákssetur ekki lengur þann fjölda sem blóta vill.

Af ofantöldu má sjá að starfið er fjölbreytt og flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Styrkur félagsins felst í því að félagarnir séu viljugir að taka þátt í starfinu. Komið sem flest og sem oftast. Stjórnin óskar ykkur öllum góðrar heilsu og farsældar á komandi vetri, sem vonandi verður mildur og skemmtilegur í hópi eldri kynslóðarinnar.